

Fréttatilkynning

Eftirfarandi ályktanir og samþykktir koma frá landsfundi Kvinnalistans að Úlfjótsvatni helgina 14.-16. nóv. 1997

Samp

Ályktun landsfundar

15. landsfundur Samtaka um Kvinnalista, haldinn að Úlfjótsvatni í Grafningi helgina 14. – 16. nóvember 1997, undir yfirskriftinni „Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi?“ vill áréttta að pólitískur vilji sé forsenda breytinga.

Íslensk kvennabarátta hefur fært konum og um leið samfélaginu í heild mikilsverðan ávinning á mörgum sviðum. Margt er þó óunnið, sem kallar á hugmyndir, tillögur og samstöðu kvenna. Íslensku samfélagi verður ekki breytt án öflugrar þátttöku kvenna í stjórnámálum nú og til framtíðar.

Það er gömul og ný reynsla að orð og efndir fara ekki alltaf saman. Eitt helsta viðfangsefni kvennabaráttunnar nú er því að þrýsta á um framkvæmd skjalfestrar stefnu um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna. Þar er nú svo komið, að Íslendingar standa sig allvel í samanburði við flestar þjóðir í þeim efnum og hafa fengið lof fyrir frammistöðu sína hjá alþjóðlegum eftirlitsaðilum. Íslensk löggjöf um jafna stöðu kvenna og karla þykir um margt góð, og íslensk stjórnvöld hafa staðfest alþjóðasaminga og yfirlýsingar um réttindi og bættu stöðu kvenna. En lög og sáttmálar eru eitt og raunveruleikinn er oft talsvert annar. Staða kynjanna er enn langt frá því að vera sambærileg. Því verður að tryggja, að orð leiði til athafna.

Á síðustu árum hefur sú stefna rutt sér æ meira til rúms víða um lönd að flétta þurfi sjónarmið kynjabaráttu inn í alla aðra þætti mannlegra samskipta, stjórnunar og hvers konar starfssemi. Kvinnalistakonur fagna þessari stefnu vegna þess að hún er endurómun af áherslum Kvinnalistans frá upphafi um að ávallt þurfi að hafa stöðu kynjanna í huga við stefnumótun, lagasetningu, áætlanir og framkvæmd mála. Íslensk stjórnvöld hafa á alþjóða vettvangi skuldbundið sig til að framfylgja þessari stefnu, og íslenskar konur krefjast þess að henni verði framfylgt. Þær sætta sig ekki við sýndarjafnrétti og vilja nú sjá jafnrétti í verki.